

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, mánudaginn 22. ágúst 2022 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Ályktun ársins og málrættarþing

Sjá fg. stj. ÍM 5/2022. Samþykkt var ályktun um stöðu tungunnar 2022 sem í ár ber yfirskriftina *Íslensk tunga og nýir miðlar*. Dagskrá málrættarþings, sem haldið verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins 29. september er frágengin og ber hún sömu yfirskrift og ályktunin. Dagskrá málrættarþingsins er eftirfarandi:

15.30 Þingsetning og ávarp menningar- og viðskiptaráðherra

15.35 Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2022. Eva María Jónsdóttir les.

15.45 Guðrún Nordal: *Allt á einum stað*.

15.55 Kristján B. Jónasson: *Arfurinn ókeypis í snjalltækið þitt – Stafræn endurgerð höfundarréttarvarðra texta*.

16.10 Anna Sigríður Þráinsdóttir: *Stælgæinn – miðlæg málfarsráðgjöf fyrir fjölmiðla*.

16.25 Jón Gunnar Þorsteinsson: *Hvar er íslenskt alfræðiefni á netinu og hvernig ratar það til lesenda?*

16.40 Sigríður Wöhler: *Ef við mættum ráða – um rafrænt námsefni*.

16.55 Afhending viðurkenningar Íslenskrar málnefndar 2022.

2) Verðlaun Íslenskrar málnefndar 2022

Umræður um það hverjir skuli hljóta viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2022.

3) Málþing á vori

Ákveðið var að halda málþing á vori um sambýli íslensku og ensku. Í undirbúningsnefnd málþingsins verða Ármann Jakobsson, Eva María Jónsdóttir og Ágústa Þorbergsdóttir.

4) Fréttir úr ráðuneytinu

Metnaðarfullar áætlanir um eflingu tungunnar eru komnar á dagskrá í ráðuneytinu.

5) Vörumerkjaskráning

Kjartan Ragnars hrl. kom á fundinn og kynnti stöðu íslenskrar tungu í landsbundnum vörumerkjaskráningum. Undanþáguákvæði í reglugerð nr. 850/2020 um að vöru- og þjónustulistar vörumerkjaskráninga megi vera á ensku hefur verið túlkað þannig að enska er orðið aðaltungumálið í Hugverkatíðindum enda þótt fram komi í 4. og 75. gr. sömu reglugerðar

að mál Hugverkastofunnar sé íslenska og umsóknir um skráningu merkja skuli vera á íslensku. Þetta er í ósamræmi við lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls frá 2011. Ákveðið var að senda bréf til ráðuneyta og vekja athygli á málinu.

6) Önnur mál

1. Málfrægir

Málfrægir, vefrit Íslenskrar málnefndar, komu út í ágúst:

<http://islenskan.is/images/Malfregnir/malfregnir-2022-30-1-tbl.pdf>. Efni þessa heftis er tileinkað málþingi um kynhlutlaust mál sem haldið var laugardaginn 30. apríl í Veröld.

2. Sprog i Norden

Tímaritið *Sprog i Norden* 2022 er komið út: <https://tidsskrift.dk/sin/issue/view/9659/1717>. Í þessu hefti eru greinar um máltækni á Norðurlöndum.

3. Fulltrúar í stjórn Málræktarsjóðs

Sigurður Jóhannesson, Sigurður Konráðsson og Sigrún Helgadóttur verða áfram fulltrúar Íslenskrar málnefndar í stjórn Málræktarsjóðs.

4. Umsögn í samráðsgátt

Íslensk málnefnd sendi umsögn í samráðsgátt við mál nr. 90/2022: Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls. Umsögnina má lesa hér: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3203#advice](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3203#advice)

5. Netverksfundur norrænna málnefnda

Netverksfundur norrænna málnefnda verður haldinn í Noregi 26.–26. ágúst. Steinunn Stefánsdóttir og Ágústa Þorbergsdóttir sækja fundinn.

6. Enskunotkun

- a. Í tilefni af *auglýsingu frá stjórnarráðinu með titilinn „Would you like to work for the Government?“* sem birt var á vef stjórnarráðsins 27. júní sl. sendi Íslensk málnefnd bréf til ráðuneyta þar sem vakin var athygli á því að í lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og tákn máls segir: „Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannajónustu.“ Í bréfinu benti Íslensk málnefnd á að þótt það kunnist að vera til störf hjá hinu opinbera þar sem góð íslenskukunnátta er ekki nauðsynleg vilji hún hins vegar leggja áherslu á að í málefnum þjóðtungunnar sé varasamt að einstök ráðuneyti taki upp eigin stefnu og hvetur stjórnarráðið að móta sér frekar sameiginlega stefnu um í hvaða tilvikum megi víkja frá kröfum um íslenskukunnátta og leita þar álitis Íslenskrar málnefndar og annarra sem málið varðar.
- b. Helga Garðarsdóttir hringdi og vakti athygli á enskunotkun víða í samfélaginu. Hún nefndi t.d. að á starfsmannavefnum alfred.is þyrftu umsækjendur að samþykka skilmála sem væru á ensku: <https://privacy.50skills.com>.
- c. *Persónuleikapróf á ensku*. Leitað var til umboðsmanns Alþingis og laut kvörtunin að því að persónuleikapróf á ensku hefði verið lagt fyrir umsækjendur í stöðu varðstjóra hjá lögreglustjóra á Austurlandi. Fyrirlögn persónuleikaprófsins á ensku er ekki í samræmi við

lög samkvæmt niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, sbr. 8. gr. laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

d. Brynja Hjörleifsdóttir sendi ábendingu 10. ágúst, um að vefsíða íslensks ferðaþjónustufyrirtækis, Hvammsvíkur, sé eingöngu á ensku (hvammsvik.com).

7. Innsend nýyrði frá Herman Braekmans

Herman Braekmans hefur sent Íslenskri málnefnd fjölmargar tillögur um íslensk nýyrði, þar á meðal tillögur um íslensk heiti fyrir dönsk og ensk örnefni (225 blaðsíðna skjal yfir dönsk heiti og 428 bls. yfir ensk heiti). Ákveðið var að vísa þessu til örnefnasviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:10.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.